

7. Persónueiginleikar og fyrirmyndir

7.a. Samskiptahæfni, þolinmæði og frumkvæði

Í þessum kafla er rætt um það hvernig persónueiginleikar aðstoðarfólks geti haft áhrif á hvaða hlutverk það tekur sér og hvaða færni það hefur til að sinna því hlutverki.

Í rannsókninni kom fram að persónueiginleikar aðstoðarfólks á borð við samskiptahæfni, þolinmæði og hæfni til að taka frumkvæði hefur áhrif á hvaða hlutverk það tekur sér og hvaða færni það hefur til að sinna því hlutverki. Milliliðurinn þarf að vera góður í samskiptum, bæði í samskiptum með óhefðbundnum tjáningaraðferðum við notanda og líka í hefðbundnari samskiptum við kennara og aðra aðila sem þarf að túlka tjáningu notanda fyrir. Stuðningsaðilinn þarf að vera þolinmóður til þess að byggja upp það traust sem þarf að ríkja á milli hans og notanda.

Hinn hlutlaus fylgdarmaður tekur ekki frumkvæði að því að aðstoða notanda við að tjá sig eða fara með sjálfræði sitt og notandi missir þar af leiðandi af tækifæri til virkari þátttöku. Aðstoðarfólk þarf oft að aðstoða notanda við að taka frumkvæði að því að nýta sér nám í daglegu lífi. Hugmyndir um *virkan stuðning*, sem kynntar voru í kafla 6, byggja að mörgu leyti líka á hæfni aðstoðarfólks til að taka frumkvæði þar sem það þarf að vera virkt í stuðningi sínum.

Það er mikilvægt fyrir aðstoðarfólk að líta inn á við og skoða hvaða persónueiginleika það hefur og hvernig þeir nýtast í starfinu.

Verkefni: Vinnið saman tvö og tvö. Hvort ykkar hugsar um sjálfa(n) sig sem aðstoðarmanneskju. Reynið að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða persónueiginleika hefur þú sem nýtast þér í starfinu? Hvernig nýtast þeir? (Hugsið sérstaklega út frá þörfum notanda fyrir aðstoð við að tjá sig og finna fyrir öryggi).
- Hvaða persónueiginleika þarft þú að rækta betur hjá þér til þess að efla þig í starfinu?